

aðs verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 kr.

Föstudaginn 2. maí 1980.

Nr. 171/1977. **Haukur Sveinsson**

(Logi Guðbrandsson hrl.)

gegn

rikissaksóknara og fjármálaráðherra

f. h. rikissjóðs og

(Benedikt Blöndal hrl.)

rikissaksóknari og fjármálaráðherra

f. h. rikissjóðs

gegn

Hauki Sveinssyni og

Loga Guðbrandssyni hæstaréttarlögmanni

(sjálfur).

Gæsluvarðhald. Skaðabótamál. Sýkna. Lögmannslaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 30. september 1977. Hefur hann gert þessar dómkröfur:

„Að gagnáfrýjanda verði gert að greiða aðaláfrýjanda kr. 3.800.000 með 9% ársvöxtum frá 25. október 1973 til 15. júlí 1974, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á. og 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um máls-

kostnað og málflutningslaun talsmanns aðaláfrýjanda í héraði og að gagnáfrýjanda verði gert að greiða aðaláfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati réttarins án tillits til þess, hvernig málið fer“.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 30. nóvember 1977, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur að öðru leyti en því, að talsmannslaun lögmanns aðaláfrýjanda í héraði verði lækkuð. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Hér fyrir dómi hefur gagnáfrýjandi lýst yfir, að horfið sé frá þeirri málsástæðu, að rannsókn þeirri, sem mál þetta er sprottið af, hafi verið ólokið, þegar málið var höfðað.

Eins og sakargögnum í máli þessu er háttað, þykir samkvæmt niðurlagsákvæðum 2. tl. 1. mgr. 150. gr. laga nr. 74/1974 bresta skilyrði til að dæma aðaláfrýjanda skaðabætur vegna gæsluvarðhaldsvistar hans. Verður því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms að því er aðaláfrýjanda varðar.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 154. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ríkissjóð til að greiða allan kostnað aðaláfrýjanda af máli þessu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun talsmanns hans fyrir báðum dómum, samtals 750.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Gagnáfrýjandi, ríkissaksóknari og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Hauks Sveinssonar, í máli þessu.

Allur kostnaður aðaláfrýjanda af rekstri máls þessa bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun talsmanns hans, Laga Guðbrandssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 750.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. júlí 1977.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 14. júní sl., er höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 14. mars 1975, af Hauki Sveinssyni, Hólabraut 3, Hafnarfirði, gegn ríkissaksóknara og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði gert að greiða stefnanda kr. 3.800.000 ásamt 9% ársvöxtum frá 25. október 1973 til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Hvernig sem málið fari, beri talsmanni stefnanda málssóknarlaun, þar sem mál þetta sé lögbundið gjafsóknarmál skv. 154. gr. laga nr. 74/1974.

Stefndu krefjast algerrar sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins, og til vara krefjast þeir stórlegrar lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Sáttatilaunir báru ekki árangur.

II.

Málavextir.

Stefnandi, sem skipaður var pósthjálparstjóri hjá Póst og símamálastjórn 18. janúar 1972 og hafði verið skipaður starfsmaður stofnunarinnar frá árinu 1946, var sóttur til yfirheyrslu á vinnustað sinn í ábyrgðardeild aðalþósthússins í Reykjavík um kl. 1400 25. október 1973. Yfirheyrslunni lauk kl. 1610, og að henni lokinni var stefnandi settur í gæsluvarðhald í Hegningarhúsinu á Skólavörðustíg með úrskurði, uppkveðnum í sakadómi Reykjavíkur. Ákvaðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 15 dögum. Stefnandi sat í gæsluvarðhaldi til kl. 1100 að morgni hinn 9. nóvember 1973. Hefur hann höfðað mál þetta hér fyrir dómi, þar eð hann kveðst hafa setið í gæsluvarðhaldi þessu að ósekju. Honum var veitt lausn frá störfum um stundarsakir með bréfi póst- og símamálastjóra, dagsettu 12. nóvember 1973, með vísan til 6. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmannar ríkisins. Hann hóf störf að nýju hjá Póst- og símamálastjórn 9. janúar 1975, en hann var ekki settur í sama starf. Hann var settur í störf í bögglaþósthöfn, en staðan var jafnvel launuð og hin fyrri.

Aðdragandi þess, að stefnandi var settur í gæsluvarðhald og vikið frá störfum um stundarsakir, var sá, að 6. september 1973 var af hálfu pósthöfnunar í Reykjavík kært til rannsóknarlög-

reglunnar í Reykjavík og beðið um rannsókn vegna hvarfs á talsverðu af ábyrgðarbréfum úr póstinum það ár og árið áður. Undir kærubréfið rituðu Árni Þór Jónsson, yfirdeildarstjóri póststofunnar, og Sigurður Ingason, skrifstofustjóri póststofunnar. Vegna kæru þessarar hóf rannsóknarlögreglan í Reykjavík rannsókn hinn 27. september 1973, og gaf Árni Þór Jónsson yfirdeildarstjóri skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni þann dag. Lýsti hann starfs-tilhögun í aðalpósthúsinu og skýrði svo frá, að talsvert mikið hefði horfið af ábyrgðarbréfum, sem samnanlega hefðu komið inn á póststofuna, en hafi horfið, eftir að þau hafi verið skráð til aðalpósthússins, sem merkt er R 1, og tekin upp þar. Mörg þessara bréfa hafi komið frá stærsta útibúinu, þ. e. við Hlemmtorg í Reykjavík, sem kallað sé R 5. Í ábyrgðabréfadeild séu, eins og annars staðar í pósthúsinu, tvær vaktir. Haukur sé yfirmaður á annarri vaktinni, en Birgir Jakobsson á hinni. Vaktirnar starfi til skiptis frá kl. 0730 til 1300 annan daginn og frá kl. 1300 til 2000 hinn daginn. Móttaka ábyrgðarbréfa frá útibúum og utan af landi fari þannig fram, að póstpokar komi í portið í aðalpósthúsinu frá Hafnarstræti og séu þar settir inn á gólf. Tekið sé upp úr pokunum og séu ábyrgðarbréfin borin saman við skrár, sem þeim fylgi. Þegar gengið sé úr skugga um, að bréfin séu í samræmi við skrána, sé kvittað á skrána og getið sé tíma og dagsetningar við kvittunina og þetta sé fært inn í bækur. Að þessu loknu séu bréfin færð til sundurgreiningar inn á afgreiðsluherbergi ábyrgðarbréfa. Þar séu bréfin sundurgreind í tvo flokka, þau, sem á að afgreiða til móttakenda þarna á aðalpósthúsinu og þá frá þessari deild í afgreiðslusalnum, og hin, sem eiga að fara áfram, þ. e. á aðra staði úti á landi eða til útlanda. Síðari hópurinn, þ. e. bréfin, sem ekki eiga að fara til móttakenda þarna í pósthúsinu, séu síðan sett í plastkórpu og körfurnar séu færðar í litla lyftu, sem er í veggnum í afgreiðslusalnum. Lyftan færir kröfuna upp á 2. hæð hússins í skráningardeild. Þar eru bréfin á ný lesin í sundur, þ. e. þau, sem fara til innlendra pósthúsa, og hin, sem fara til útlanda, og eru bréfin skráð þar til ákvörðunarstaða. Bréf, sem tekið er á móti frá fólki í aðalpósthúsinu, fara einnig í kórpu í áðurnefndri lyftu og eru sundurlesin í skráningardeild, innfærð þar og sundurlesin á sama hátt og bréf frá öðrum pósthúsum, sem koma frá því að vera lesin í sundur úr póstpokum. Það, sem vakti eftirtekt sumarið 1973 í pósthúsinu, var það, að fyrirspurnir bárust um ábyrgðarbréf, sem ekki komu til skila, og voru óvenju miklar kvartanir yfir slíku. Fyrirspurnirnar voru flestar erlendis frá eða

frá sendendum bréfa, sem áttu að fara til útlanda. Kvörtunum þessum var safnað saman, og gerðu Njörður Snæhólm, stjórnandi rannsóknarinnar, og Árni Þór Jónsson yfirdeildarstjóri skrá yfir bréfin. Skrá þessi sýnir horfin bréf frá því í janúar 1973 til nóvember s. á. Langmesti hluti bréfanna hverfur þó í mars, apríl, maí og júní 1973, og var hvarfið svo mikið, að rökstuddur grunur vaknaði um, að þau hyrfu af mannavöldum, en vitað er, að einstaka bréf glatast í meðförum póstsins, og þykir það ekki alvarlegt. Í skrá þessa skráðu þeir, hvenær viðkomandi bréf var póstaglagt, hvaða ábyrgðarnúmer það bar, hvar það var póstaglagt, hver viðtakandi bréfsins var, ef vitað var um hann, hvenær kvittað var fyrir móttöku bréfsins á aðalpósthúsinu í Reykjavík og hver kvittaði fyrir það og síðan skrá yfir það, hverjir voru að vinna í deild þessari á þeim tíma, sem kvittað var fyrir móttöku bréfsins. Var skráin unnin upp úr skráningarbókinni, þar sem bréfin eru skráð við upptöku og kvittað er fyrir þeim, svo og úr vinnukortum til að finna út, hverjir hefðu verið á vinnustaðnum í hvert sinn, sem bréfin voru tekin upp. Við athugun kom í ljós, að bréf þau, sem kvartað var út af, komu ekki upp til skráningar á skráningardeild, en hins vegar kvittað fyrir þeim í móttökudeildinni niðri. Grunurinn beindist því að þeim, sem unnu við móttöku bréfanna og sundurgreiningu þeirra á 1. hæð hússins, enda var aðstaða talin þannig uppi á 2. hæð, að svo til útilokað væri, að nokkur gæti þar skotið bréfum undan, áður en þau væru skráð þar á réttan hátt. Aðstaðan niðri var talin allt önnur, og þar voru talin tækifæri til þess að skjóta bréfum undan, bæði við upptöku þeirra úr póstpokum og við sundurgreiningu þeirra í afgreiðslusalnum. Eftir að rannsóknin á hvarfi þessu hófst, gáfu ýmsir starfsmenn póststofunnar skýrslu hjá rannsóknarlögreglu.

Einn þeirra fyrstu var Axel Sigurðsson, og gaf hann skýrslu 27. september 1973. Hann skýrði svo frá, að hann væri fulltrúi í afgreiðslu í aðalpósthúsinu og hann hefði aðsetur í horninu austanverðu í bás nr. 12 og þar sjái hann inn í afhendingu ábyrgðarbréfa og sé þar glerskilrúm á milli. Hann hafi velt fyrir sér, hvernig hvarf bréfanna gæti hafa átt sér stað. Honum hafi verið tjáð, að þegar væri vitað, að milli 50 til 100 bréf, sem horfið hafa á þessu ári, og sjálfsagt megi reikna með því, að í ljós komi, að fleiri bréf séu horfin. Bréfin, sem talið sé, að vanti, séu hvergi færð inn í skráningarbækur á 2. hæð og því sé ekkert vitað um bréfin, fyrr en kvartanir berist. Bréfin hverfi því, áður en þau komi til bókunar í skráningardeildinni, og hann fái ekki betur

séð en að þau hverfi í upptökudeildinni. Hann starfi á sömu vakt og Haukur Sveinsson, sem sé varðstjóri í upptökudeildinni. Stundum sé Haukur einn við upptökuna og stundum fái hann einhvern með sér. Sá, sem taki bréfin, geti gert það í upptökunni eða þegar hann sé kominn fram í salinn fyrir framan hjá vitninu, þar sem ábyrgðarbréfin séu afhent út. Þar væri alveg hægt að leggja bréf til hliðar og stinga þeim svo á sig, því að þetta sé alveg í skjóli. Afgreiðslustjóri á vaktinni hjá Hauki Sveinssyni sé Haukur Sigurðsson og hann fari einnig inn í upptöku og „sorteri“ jöfnum höndum og það geti komið fyrir, að Haukur Sigurðsson sé einn í því um tíma. Þegar vitnið sé spurt að því, þá verði það að segja eins og sé, að athyglin beinist óneitanlega helst að tveim mönnum í þessu sambandi, en það séu báðir Haukarnir, því að það líti út fyrir, að pósturinn hverfi á leiðinni í gegnum þeirra deild. Síðan lýsti vitnið því, að Haukur Sveinsson, stefnandi máls þessa, væri mikill óreglumaður og sú óregla virtist hafa aukist mikið upp á síðkastið og seinni hluta ágústmanaðar hafi orðið að láta hann hætta vegna þess, að hann hafi mætt í fleiri skipti undir áhrifum áfengis eða annarlegum áhrifum eða þá, að hann hafi alls ekki mætt. Hann sé tvígiftur og kona hans vinni hjá Samvinnutryggingum í Hafnarfirði og sé því í góðri stöðu og sé hún hin vandasta kona. Nafni hans, Haukur Sigurðsson, sé fráskilinn frá því vorið 1973. Skyndilega og fyrirvaralítið þá um vorið hafi eiginkona hans fleygt honum á dyr, hirt af honum hús, innbú og allt. Vitnið Axel taldi, að þá hefði verið liðið rúmt ár frá því að þau hafi keypt íbúð sína og þetta hafi allt virst vera skrifað á hennar nafn ásamt bíl. Maðurinn hafi staðið uppi eignalaus og með skuld, sem hann hafi átt að greiða. Fyrri hluta ágústmanaðar hafi Haukur Sigurðsson farið til Hólmavíkur og þá hafi hann velt bíl, sem hann hafi sagst hafa fengið lánaðan, og hafi bíllinn stórskemmt og hafi hann slasast eitthvað og ekki mætt til vinnu. Furðu sæti, hve mikil auraráð Haukur þessi virðist hafa miðað við þær aðstæður, sem hann búi nú við, en hann neyti einnig áfengis talsvert. Um miðjan júní þetta sumar hafi Haukur Sigurðsson rakið raunir sínar fyrir vitninu og sagst hafa átt erfitt með húsnæði. Haukur Sigurðsson hafi flutt í herbergi hjá vitninu og hafi neytt áfengis um hverja helgi og þangað hafi komið drykkjulyður og setið að sumbli. Ýmislegt hafi vakið grunsemdir vitnisins um, að Haukur Sigurðsson væri ekki eins aurlaus eins og halda mætti.

Önnur vitni, starfsmenn á pósthúsinu, gáfu skýrslur, og var

lýsing þeirra mjög í sömu átt og vitnisins Axels Sigurðssonar, með ýmsum frekari upplýsingum um óreglu og furðuleg peningaráð bæði stefnanda, Hauks Sveinssonar, og samstarfsmanns hans, Hauks Sigurðssonar. Leið svo fram að 22. október, og þá bókaði rannsóknarlögreglumaðurinn, að hann hefði samið fyrrgreinda skýrslu yfir hin glötuðu bréf ásamt Árna Þór Jónssyni. Grunurinn hafði þá lagst á Hauk Sveinsson og Hauk Sigurðsson, og var náð í Hauk Sveinsson til yfirheyrslu 25. október, eins og segir hér í upphafi. Hann var þá yfirheyrður sem sakamaður, og var gætt ákvæða 1. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála við skýrslu hans, en hann skýrði svo frá, að hann hefði verið í sumarfríi í júní og júlí þetta ár og hafi byrjað aftur 1. eða 4. ágúst sl. Svo hafi hann farið í veikindafrí þann 31. ágúst og komið aftur þann 1. október. Hann viti ekki til, að neinn varðstjóri hafi verið settur yfir deildina á meðan. Haukur Sigurðsson hafi þá verið að vinna og hann hafi farið í frí, þegar stefnandi hafi komið í ágúst og verið í burtu síðan, að hann minni, og að hann sé að fara í sjúkrahús í sambandi við bílslys, sem hann hafi lent í í sumarfríinu. Stefnanda voru þá sýndar skrárnar, sem útbúnar höfðu verið um horfnu bréfin, og honum var bent á, að svo virðist sem bréfin hverfi í hans deild. Hann skýrði svo frá, að hann hefði ekki hugmynd um, hver muni vera valdur að þessu bréfahvarfi, og hann hafi engan sérstakan grunaðan í því sambandi. Hann vildi einnig geta þess, að honum fyndist deild hans vera fullmikið opin, þ. e. að of margir geti verið þar í kring vegna vinnuskilyrðanna. Sjálfur hafi hann ekki tekið neitt af þeim pósti, sem sagt er, að horfið hafi, og það sé óhætt að gera húsleit hjá honum þess vegna. Hann muni það núna, að ábyrgðarbréf, sem send séu til Norðurlanda og Þýskalands, séu ekki skráð hvert fyrir sig, heldur heildartala bréfanna, þ. e. a. s. frumnúmer ábyrgðarbréfsins komi ekki fram á skránum til þessara landa nema bréf til endursendingar og svokallaðar transitpóstur, sem Danmörk sjái um. Ábyrgðarpóstur, sem komi utan af landi til áframsendingar til útlanda, sé ekki lengur skráður í sérbók hjá skráningardeildinni, eins og háttur hafi verið á fyrir nokkrum árum. Þessi póstur til Norðurlanda og Þýskalands sé því lesinn í sundur uppi og settur í skápa og sendur áfram án þess að „tækka hann af“ frá þeim niðri eða skrá hann áfram. Það hljóti því að vera erfitt að segja um, hvað hverfi niðri og hvað uppi, ef eitthvað sé.

Eftir þessa skýrslu var stefnandi settur í gæsluvarðhald. Forsendur gæsluvarðhaldsúrskurðarins voru þessar: „Hinn 6. sept-

ember s.l. var kært til rannsóknarlögreglunnar vegna hvarfs á ábyrgðarsendingum í aðalpósthúsinu í Reykjavík. Hér er um að ræða talsvert magn bréfa, en ekki er vitað, hve mörg þau eru, þar sem ekki er skráður allur ábyrgðarpóstur, sem kemur inn í aðalpósthúsið. Ábyrgðarbréf, sem póstlögð eru innanlands, koma með tvennum hætti inn í aðalpósthúsið. Það er bréf eru afhent í aðalpósthúsinu sjálfu eða í útibúum þess í Reykjavík eða úti á landi. Ekki eru nein brögð að því, að bréf, sem póstlögð eru í sjálfu aðalpósthúsinu, hafi horfið. Mikill fjöldi bréfa, sem koma til aðalpósthússins frá öðrum pósthúsum, hafa hins vegar horfið. Sérstök deild annast móttöku og skráningu bréfa þessara og sendir þau síðan í lyftu upp á næstu hæð fyrir ofan. Við athugun á vinnustað eru ekki taldar líkur til þess, að bréf hverfi, eftir að þau eru komin upp á 2. hæð. Gerð hefur verið allitarleg athugun á vinnutilhögun og vinnutíma starfsfólks í móttökudeildinni. Vitað er í flestum tilfellum, hvaða dag hvert bréf hvarf og á hvaða tíma dags það kom til aðalpósthússins. Við athugun á vinnuskrám og stimpilkortum og samanburðinn við þann tíma, sem bréfin eru talin hafa horfið, hefur komið í ljós, að tveir starfsmenn pósthússins hafa í langflestum tilfellum verið á vinnustað, er bréfin eru talin hafa horfið, og hafa þessir tveir starfsmenn einnig í flestum tilfellum verið við móttöku bréfanna. Starfsmenn þessir eru Haukur Sveinsson og Haukur Sigurðsson. Haukur Sveinsson hefur neitað fyrir rannsóknarlögreglu og fyrir dómi að vera valdur að hvarfi umræddra ábyrgðarsendinga. Haukur Sigurðsson hefur ekki fundist þrátt fyrir eftirgrennslanir rannsóknarlögreglu, en hann er talinn vera í fríi. Rannsókn máls þessa á enn langt í land, og á m. a. eftir að yfirheyra bæði Hauk Sveinsson betur og Hauk Sigurðsson. Haukur Sveinsson er grunaður um brot gegn XXVI. og XIV. kafla almennra hegningalaga, og getur brot hans varðað hann fangelsisrefsingu. Skilyrði 65. gr. stj.skr. nr. 33/1944 um gæsluvarðhald eru því fyrir hendi, en með vísan til framanritaðs svo og 1. tl. 67. gr. laga 73/1973 þykir rétt að úrskurða Hauk Sveinsson í gæsluvarðhald í þágu rannsóknar máls þessa, svo hann eigi ekki möguleika á spillingu sakargagna með óskertu frelsi. Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 15 dögum.“

Daginn eftir var Haukur Heiðar Sigurðsson, afgreiðslumaður í ábyrgðardeild, einnig tekinn til yfirheyrslu, og var hann yfirheyrður sem sakamaður eins og stefnandi. Hann skýrði svo frá við yfirheyrsluna, er honum voru sýndar fyrrgreindar skrár, að hann væri yfirleitt lítið í upptökunni á póstinum nema í hálf-

gerðum neyðartilfellum og á svokölluðum afvinnsludögum, en þá vinni hann í upptökuherbergi og svo komi fyrir, að hann fái skrárnar til að flýta fyrir, en annars sé hann yfirleitt á sínum stað í króknum frammi við afgreiðsluborðið til hægri, en nafni hans sé í króknum til vinstri beint inn af dyrunum og hann „sorteri“ póstin og setji hann í hillur eða körfu eftir því hvert hann á að fara, en síðan sé farið með körfurnar í lyftuna, sem færir póstin upp í ábyrgðardeild. Hann skilji eiginlega ekki, hvernig það geti átt sér stað, að pósturinn hverfi svona, og hann hafi aldrei orðið var við neitt grunsamlegt eða að neinn hagaði sér öðruvísi en eðlilegt sé við póstin, hann hafi því engan grunaðan í þessu sambandi. Sjálfur hafi hann aldrei stolið pósti, þ. e. bréfum, og hafi aldrei dottið slíkt í hug. Þegar póstpokarnir komi inn, þá sé tekið upp úr þeim fyrir framan upptökuherbergi og þar séu skrárnar bornar saman og athugað, hvort póstur sá, sem skráður sé á þær, sé í pokunum, og kvittað undir skárnar. Síðan fari pósturinn inn um lúguna á upptökuherberginu og þar sé hann settur í körfurnar, sem síðar séu bornar inn til Hauks Sveinssonar, sem „sorteri“ póstin, eins og áður segi, og sendi hann síðan upp í lyftunni. Það þurfi ekki endilega að vera Haukur Sveinsson, sem fari með körfurnar í lyftuna. Hann mundi frekar segja, að hann sendi einhverja, sem séu að vinna með honum, en hann sé einn við „sorteringuna“ þarna í horninu, ef hann er við, enda sé hann vanastur þessu. Einnig sé Haukur stundum sjálfur við upptökuna. Hann haldi, að skv. reglunum eigi að vera minnst tveir menn við móttökuna í upptökuherberginu, en vegna manneklu sé það ekki alltaf. Í gegnum árin hafi hann orðið var við það nokkrum sinnum, að Haukur Sveinsson hafi verið undir áhrifum áfengis í vinnunni og þá hafi það yfirleitt staðið í nokkra daga í einu og svo stoppað og honum hafi fundist þetta vera að ágerast. Honum hafi verið sagt, að eftir að hann sjálfur fór í sumarfrí, þá hefði Haukur Sveinsson legið í fyllirri og hann hafi verið látinn hætta um tíma, eftir að hann kom úr sumarfríinu. Sjálfur hafi hann farið í sumarfríð, þegar Haukur Sveinsson hafi komið, eða eftir verslunarmannahelgina, og hafi ekki komið á vinnustaðinn síðan, því hann hafi lent í bílveltu og meiðst í hægri handleggnum og haft tæplega hálfan kraft í hendinni eftir því sem læknar segi. Haukur Sigurðsson lýsti síðan meiðslum sínum, fjármálum, skilnaðarmáli og þess háttar og svaraði ýmsum spurningum varðandi þau atriði, er samstarfsmenn hans höfðu bent rannsóknarlögreglunni á. Hann

var síðan settur í gæsluvarðhald í 15 daga með úrskurði, uppkveðnum sama dag.

Rannsóknin hélt áfram. 2. nóvember 1973 var Haukur Sigurðsson yfirheyrður á nýjan leik, og 5. nóvember 1973 fór rannsóknarlögreglan með stefnanda heim til hans, og gerðu þeir húsleit hjá honum. Ekkert athugavert fannst þar. Upplýstist það, að stefnandi hafi gjarnan haft skjalatösku með sér í vinnuna og látið hana standa á gólfinu við borðið eða hafði hana á borðinu. Hann gaf leyfi til þess, að taska þessi væri athuguð, en hún var skilin eftir, er hann var settur í gæsluvarðhald. Taskan var rannsökuð 6. nóvember 1973, og ekkert athugavert var að finna í henni. Hann var yfirheyrður á nýjan leik 6. nóvember, og þá skýrði hann svo frá: „Ég hef verið að hugsa um það undanfarið, hvernig á því geti staðið, að svona mikið magn af pósti hafi horfið og þá sérstaklega í einum mánuði, eða maí s.l., og hefur mér í því sambandi dottið eftirfarandi í hug, en ég hef ekki fengið mig til að segja frá því fyrr en nú. Þannig er, að einhvern tíma s.l. vetur í apríl, mars eða þar í kring skildi Haukur Sigurðsson og kona hans. Það var hún, sem rak hann út, eins og hann orðaði það sjálfur, því hann hringdi grátandi til mín og sagði mér þetta og að hann ætti engan samastað, svo við hjónin buðum honum að vera hjá okkur, og hann fékk að vera í herbergi mínu, og mig minnir, að það hafi verið frá því síðast í apríl og út maí. Það er hægt að finna þetta út, ef vitað er, hvenær honum var hent út, því hann var hjá mér frá því fyrstu nóttina. Haukur var þá algjörlega niðurbrotinn. Haukur sagði mér einnig, að konan hefði áður verið búin að gera við sig kaupmála og að hún ætti því allt saman. Ég kynnti mér þetta hjá borgarfégeta, og í kaupmálanum stóð, að konan ætti einnig allt það, sem þau eignuðust, eftir að kaupmálinn var gerður. Haukur og kona hans voru áður í leiguíbúð, og þá gerði kona hans einnig kaupmála við hann, þrátt fyrir að þau ættu sama og ekkert. Mig minnir, að það hafi verið fyrri hluta s.l. árs, að Haukur keypti íbúðina, sem þau voru í síðast, og mig minnir, að hann hafi sagt mér, að hún hafi kostað kr. tólfhundruð og fimmtíuþúsund. Ég vissi, að Haukur vann mikið í íbúðinni sjálfur, en þau leigðu hana til að byrja með. Þegar hjónin skildu, hvíldi á íbúðinni kr. 540.000.00, eftir því er mér skildist á Hauki. Á sama tíma sem þau keyptu íbúðina keypti Haukur frystikistu og þvottavél, eftir því er mér skildist á honum, en þetta síðasta var með útborgunarskilmálum. Kona Hauks vannur í Klúbbnum. Mér skildist því,

að Haukur hefði komið allslaus út úr viðskiptunum við konuna. Haukur var mjög mikið niðurdreginn í maí s.l. Og ég fór þá að reyna að hjálpa honum og hughreysta hann og skaffa honum aukavinnu. Ég tók því Hauk úr hans venjulegu vinnu yfir til mín í upp-töku á pósti, „sorteringu“ og tilkynningu á ábyrgðarbréfum, og hann var í þessu, á meðan hann bjó hjá mér. Vann fyrir aftan mig og með mér á vinnustaðnum. Ég held, að Haukur hafi notað lítið vín á þessu tímabili, því hann stundaði vinnuna eins og honum bar. Ég varð hins vegar aldrei var við neitt misjafnt hjá honum, enda datt mér ekki slíkt í hug, þó að ég vissi, að eitt og eitt bréf glataðist á löngum tíma. Svo fór ég í sumarfrí í júníbyrjun og kom aftur þann 1. ágúst, að mig minnir, eða um þau mánaðamót, og þá fór Haukur Sigurðsson í frí, en þá var hann búinn að búa í herbergi út í bæ í mánuð og svo um tíma hjá Axel. Haukur kom og kvaddi mig og sagðist ætla norður, og svo vissi ég ekki meira um það, fyrr en hann hringdi til mín að norðan frá Hólmavík, eða hvaðan það var, og sagðist hafa lent í bílslysi, sagðist hafa hvolft bílnum. Svo þegar hann kom suður, þá sagði hann mér, að hann hefði gert tilraun til að drepa sig fyrir norðan með því að taka inn of mikið af töflum. Hann sagði mér, að hann hefði verið að aka yfir einhverja heiði á leið norður og þá hefði þyrmt yfir sig og hann farið að aka á ofsahraða. Ég spurði, hve mikinn hraða. Hann sagði 80 til 90 km og þá hefði hann lent í lausamöl og velt bílnum og farið þrjár veltur. Mér skildist, að hann hefði svo látið draga bílinn til Hólmavíkur og svo á Akranes. Mér skilst, að það hafi ekki verið búið að gera við bílinn fyrir stuttu síðan, en Haukur var búinn að kaupa talsvert í bílinn og senda upp eftir, enda var hann að koma í heimsókn til mín, borða og hringja upp eftir. Haukur sagði mér, að frændi sinn eða vinur ætti bílinn. Um leið og Haukur kom suður, keypti hann bíl af manni, sem vann í póstinum, útibúinu að Arnarbakka, eða R-g, og greiddi fyrir hann kr. 90.000.00 eða kr. 100.000.00, og ég held, að hann hafi borgað bílinn út. Seljandinn á heima í Strandasýslu og er farinn þangað. Ég spurði Hauk, hvaðan hann hefði fengið peninga fyrir bílnum. Mig minnir, að hann hafi sagt, að hann hafi „reddað“ þeim fyrir norðan. Ég spurði hvernig. Hann sagði pabbi minn og mamma, en þau eru hætt að búa, en eru á jörð hjá sonum sínum, sem eru ógiftir. Það var öðru hvorum megin við s.l. áramót sem Haukur keypti notaðan bíl. Í því sambandi vissi ég, að hann tók kr. 50.000.00 víxillán, sem hann átti að greiða með kr. 5.000.00 á 3 mánaða fresti. Mig minnir, að það standi eftir kr. 25.000.00.

Ég skrifaði upp á víxilinn. Hve mikið bílinn kostaði, veit ég ekki, bill þessi var skráður á konu Hauks, svo hún fékk hann eða hann skilaði henni bílnum. Svo sagði Axel mér, að hann hefði keypt úr fyrir á kr. 8.600.00, sem Haukur hefði greitt með gjaldeyri, er þetta barst í tal á milli okkar. Ég spurði Axel, hvernig á þessu stæði, þar sem maðurinn væri alveg á blápræði, og ég vildi, að hann léti kaupin ganga til baka. Svo fór ég að tala um þetta við nafna sjálfan og reyna að fá hann ofan af þessu, en hann eyddi þessu. Ég sagði nafna að reyna að láta kaupin ganga til baka, en sagðist þá bara selja úrið sjálfur og reyna að græða á því. Ég spurði nafna, hvar hann hefði fengið gjaldeyri, hann sagði orðrétt „ég skrapaði honum saman“. Einhvern tímann á þessu tímabili nefndi Haukur, að kona hans hefði borið á hann, að hann hefði stolið frá henni gjaldeyri og peningum og gott ef ekki var bók líka og hann var hálfgrátandi út af þessum áburði. Ég veit til þess, að Haukur keypti einnig sjónvarp í sumar, ég man ekki, hvort það kostaði kr. 5.000.00 eða kr. 10.000.00. Haukur er í 12. launaflokki, og mér vitandi hefur hann ekki unnið þetta ár, nema við pósthörf, og hann sagði mér, að hann hefði unnið litla aukavinnu, meðan ég var í burtu. Hann hefði ekki haft skap í sér til að vinna, því hann hefði verið það langt niðri. Það var einhverntíman eftir að Haukur flutti inn til Axels, að við hjónin fórum í heimsókn til hans, en þá var hann að drekka áfengi og sýndi okkur bréf, sem hann hafði skrifað og átti að lesast eftir hans dánardag, en þá var hann eitthvað að tala um, að hann hefði ætlað að fyrirfara sér. Ég man ekki, hvað hann sagði um það. Ég hef verið að athuga skrárnar, sem þið Árni Þór gerðuð, og mér finnst það vera áberandi, að mest af þeim bréfum, sem hafa horfið, eru frá þeim útibúum og póstaðgreiðslustöðum utan af landi, t. d. Akureyri, sem skrá „summetrist“, en þessi kráning finnst mér ekki nógu fullnægjandi.“

Daginn eftir þessa skýrslu stefnanda, 7. nóvember 1973, kom Haukur Sigurðsson aftur til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu. Hann sagði frá ýmsum atriðum, sem Haukur Sveinsson hafði skýrt frá daginn áður, og hann sagði m. a. frá því, að hann hefði farið af heimilinu fyrstu dagana í maí eða e. t. v. í kringum þann 8. maí. Þá hafi hann strax farið heim til nafna síns og það hafi verið einhvern tíma eftir það sem eiginkona hans hafi hringt í hann og borið á hann, að hann hefði stolið frá henni gjaldeyri. Hann hafi aldrei viðurkennt það fyrir henni, en það sé rétt, að hann hafi tekið frá henni gjaldeyri þann, sem hann hafi áður

skýrt frá, en það hafi hann gert um leið og hann fór að heiman. Hann haldi, að það hafi verið í kringum 100 dollarar, sem hann hafi tekið frá konunni, en það sé samt rétt, að hann hafi sjálfur keypt eitthvað af dollurum í pósthúsinu, eins og hann hafi áður verið búinn að skýra frá. Ástæðan fyrir því, að hann hafi ekki ætlað að eyða dollurum konunnar, því hann hafi ímyndað sér (sic), að þetta gæti lagast á milli þeirra og ef svo færi, hafi hann ætlað að skila konunni hennar dollurum aftur, en það hafi því verið nokkuð af dollurum konunnar og nokkuð af hans eigin, sem hafi farið í það að kaupa fyrrgreint armbandsúr. Sumarið áður hafi hann keypt gamlan bíl og greitt með kr. 50.000, sem hann hafi fengið með víxilláni og nafni hans Sveinsson hafi skrifað upp á þann víxil. Þennan bíl hafi konan fengið við skilnaðinn. Hann skýrði frá bílnum, sem hann hafði fengið þá um sumarið, og hann skýrði frá sjónvarpi, sem hann hafði keypt eftir skilnaðinn, og nánar frá sínum högum. Hann skýrði einnig frá því, að rétt væri hjá nafna hans, að hann hefði séð til þess að taka hann úr vinnunni og koma honum í upptöku á pósti og „sorteringu með honum,“ sem hann hafi verið svo í áfram eða hann hafi farið í vinnu Hauks Sveinssonar, eftir að hann fór í sumarfrí. Þá hafi Bjarni Guðmundsson farið stundum í hans eigið starf. Haukur Sigurðsson sagði síðan orðrétt: „Mér leið það illa á þessu tímabili, að ég gat ekki verið við mína afgreiðslu framan í fólkinu. Ég botna ekkert í öllu þessu bréfhvarfi í maí eða því, sem komið er fram frá júní, og get enga skýringu gefið á því. Ég vil geta þess, að það hefur komið fyrir, að ég hef komið upp í ábyrgðardeild, og þá hefur þó nokkuð oft komið fyrir, að þar hefur bara verið einn maður og fulltrúi ekki við, en mig minnir nú, að í þessum tilfellum hafi fólkið komið strax, að það hafi kannske verið á klósetti. Það hefur einnig komið fyrir, að enginn hefur verið í deildinni, er ég hef komið upp, þetta hefur kannske komið fyrir tvisvar, þrisvar sinnum. Ég man ekki, hvort þetta hefur verið í matar- eða kaffitíma, en ég held, að það hljóti að vera. Mig minnir, að ég hafi alltaf beðið til er einhver kom, hurðin var þá opin fram. Ég man ekki, í hvaða erindagjörðum ég hef verið í þessum tilvikum, en sennilega hef ég verið að fara upp með peningabréf. Ég er ekki að segja þetta vegna þess, að ég gruni fólkið uppi, heldur bara til, að það komi fram, að þetta hefur átt sér stað. Ég man ekki, hve langt er síðan, að þetta skeði, eða hvort það var í maí s.l., en það hefur ábyggilega verið í sumar, því ég á varla erindi upp, nema þá til að fara með peningabréf. Mig minnir, að

ég hafi unnið einhverja aukavinnu í maí s.l., því mig minnir, að nafni hafi einmitt drifið mig í það og að ég hafi því unnið töluvert mikið í aukavinnu. Annars er hægt að sjá þetta á kortunum. Ég held ég hafi unnið þá aukavinnu, sem til féll, en aukavinnan minnar, er sumarfólkið kemur. Það hefur verið reglan hjá mér að vinna þá aukavinnu, sem ég hef getað fengið.“

Mönnunum var báðum sleppt úr gæsluvarðhaldi tveim dögum síðar, þann 9. nóvember. Var stefnanda, Hauki Sveinssyni, sleppt kl. 1100, en Hauki Sigurðssyni var sleppt kl. 1313. Eftir það hélt rannsókn málsins áfram og beindist þá mjög að ákveðnum þætti málsins, þ. e. að tengslum stefnanda við bréf, sem var ómerkt, en innihélt kr. 50.000 í 100 kr. seðlum.

Njörður Snæhólm rannsóknarlögreglumaður getur þess í skýrslu sinni 27. september 1973, að á fundi sínum með Matthíasi Guðmundssyni póstmeistara og Árna Þóri Jónssyni, Sigurði Inga-syni skrifstofustjóra, Axel Sigurðssyni og Pétri Eggerts fulltrúa hafi komið í ljós, að þann 15. ágúst þá um sumarið hefði verið til geymslu þykkt bréf í svokölluðum ábyrgðarbréfakassa, sem pen-ingar séu geymdir í á daginn og um nætur, það sem ekki fari út. Á umslagið hafi verið prentað „Postbox 298 - 1501 Danmörk“. Fyrst hafi verið haldið, að einhver sjóður væri geymdur þarna fyrir sölu í húsinu, en í ljós hefði komið, að svo hefði ekki verið. Guðriður Jónasdóttir hefði tekið við umslaginu til geymslu, en myndi ekki fyrir víst frá hverjum, teldi þó, að það hefði verið frá Hauki Sveinssyni. Umslagið hafi þá verið opnað og í ljós hefði komið, að innihald þess hafi verið kr. 50.000, allt í hundrað krónu seðlum notuðum, sem menn hafi helst látið sér detta í hug, að nota hefði átt erlendis. Skriflegt vottorð hafi hann fengið í hendur varðandi opnun á umslagi þessu og talningu á innihaldi þess. Njörður Snæhólm lét senda telexskeyti til póstpjónustunnar í Kaupmannahöfn með fyrirspurn um, hver hefði póstbox það, er á bréfið eða á umslagið var stimplað. Til baka kom svar um, að það væri Helge Koch Trading, Dampfærgevej, 10 DK — 2100, København Ö. Hann hafi látið athuga í danska sendiráðinu, hvers konar fyrirtæki þetta væri í fyrirtækjaskrá. Út úr því hafi ekki komið annað en að það mundi vera fyrirtæki, sem tæki að sér smápakka sendingar. Hann hafi því fengið Interpol Ísland til að senda Interpol Kaupmannahöfn telex með fyrirspurn um, hvers konar fyrirtæki þetta væri. 15. október hafi komið svar við því svohljóðandi: „Nævnte firma har agentur for et russisk firma og udsteder licenser for afsendelse af gavepakker til U.S.S.R. Licenser

udstedes kun til firmaet Deacon A/S, samme adresse og administration som fa. Koch Trading.“

Guðríður Jónasdóttir, starfsmaður í skráningardeild á 2. hæð, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglu 22. október 1973. Sagði hún þá, að einhvern tíma um mánaðamótin júlí og ágúst þá um sumaríð hefði stefnandi komið upp til hennar kvöld eitt um kl. 1800 til 2000 og hann hefði þá verið með umslag, sem hann hafi beðið hana að geyma í peningakassa yfir nóttina. Algengt hafi verið, að yfirmenn í pósthúsinu hafi fengið að geyma peninga í kassanum, sem sé læstur inni í peningaskáp um nætur. Stefnandi hafi sagt henni óspurður, að í umslaginu væru 100 kr. seðlar, og hann hafi sýnt henni umslagið, en hún hafi ekki litið á það. Hún hafi sagt honum, að hann mætti ekki hafa það opið, svo hann hafi lokað því með límbandi og látið umslagið í kassann hjá henni, en kassann geri þau upp á hverju kvöldi og þau beri peningaumslögin saman. 12. ágúst hafi hinn varðstjórinn komið og þá hafi hann rekist á umslagið og spurt, hver ætti það. Hún hafi þá alveg verið búin að gleyma þessu og hún hafi haldið, að Magnús varðstjóri hefði haft það, því hann sé gjaldkeri fyrir kaffistofuna. Svo hafi Magnús komið, en hann hafi ekkert kannast við þetta og ekki hinn varðstjórinn heldur, svo þá hafi verið farið að athuga umslagið, en ekkert hafi verið skrifað utan á það. Hún hafi haldið, að stefnandi væri búinn að taka umslagið, enda sé hann vanur að skrifa nafn sitt á allt. Einn daginn, er hún hafi komið á vakt, hafi fulltrúarnir spurt hana, hvort hún vissi, hvað væri í umræddu umslagi, en því hafi hún neitað. Þeir hafi þá verið búnir að athuga umslagið og þeir hafi sagt, að í því hefðu verið 100 krónu seðlar, þá hafi hún farið að hugsa um þetta og munað, að Haukur hafi sagt, að í umslaginu, sem hún hafi geymt fyrir hann eða hann látið í kassann hjá henni, væru 100 krónu seðlar. Hún geti ekki sagt um það, hvort umslagið, sem fulltrúarnir hafi sagt, að 100 krónu seðlarnir væru í, væri sama umslagið og það, sem Haukur lét í kassann hjá henni. Hana minni, að Haukur hafi bara verið hjá þeim nokkra daga, eftir að hann kom úr sumarfrí sínu og er hann lét umslagið í kassann. Sjálf hafi hún farið í sumarfrí þann 12. september, en þá hafi Haukur verið farinn aftur og hafði ekki verið í vinnu í lengri tíma. Hún hafi komið til baka 26. september, en þá hafi Haukur ekki verið kominn, en hann hafi komið nokkru seinna. Árni hafi þá beðið hana um að spyrja Hauk að því, hvort hann hefði ekki beðið hana fyrir umslag, og hún hafi gert það. Haukur hafi þá sagt: „Heyrðu, nei, ég man ekki að hafa beðið þig fyrir

umslag, heldur þú, að ég hafi ekki verið í lagi?." Hún hafi sagt honum, að hún hefði ekki tekið eftir því. Haukur hafi þá spurt, hvar umslagið væri. Hún kveðst hafa haldið, að það hafi verið sett í geymslu til Haralds, er hún hafi farið í frí, því þá hafi kassinn verið hreinsaður. Þetta hafi verið á laugardagsmorgni og Haukur hafi spurt, hvort þau gætu ekki farið til Haralds og náð í umslagið, en Haraldur hafi þá ekki verið að vinna. Strax á mánudegi hafi Haukur svo farið til Haralds og sagst vera að sækja umslag, en hann hafi ekki fengið það og hann hafi komið til hennar og sagt, að Haraldur kvæðist ekki vera með neitt umslag. Hún hafi þá sagt honum að tala við póstmeistarann, en eftir það hafi Haukur verið að tala um, að hann myndi ekkert eftir því að hafa beðið hana fyrir umslag eða hvað í því hefði verið.

Daginn eftir 23. október 1973 gaf Magnús Erlendsson póstvarðstjóri skýrslu hjá rannsóknarlögreglu. Hann var spurður um bréf þetta, og hann sagði, að hann hefði farið í sumarfrí 13. ágúst þá um sumarið, en komið í vinnu niður eftir um kringum þann 10. september. Þá hafi Jakob sýnt honum þykkt umslag og spurt, hvort hann kannaðist við það, og sagt, að sér hefði dottið í hug, að hann hefði látið það þarna í kassann og að það væri frá Póstmannafélaginu. Magnús hafði ekki kannast við þetta stóra þykka umslag, sem honum hafi verið sýnt, enda ekki frá honum komið. Umslagið hafi verið alveg autt, en eitthvað á dönsku í einu horni þess. Þegar Jakob hafi ekki fundið neitt út úr þessu, hafi hann og Jakob ásamt Grími og Jóni ákveðið að rífa upp umslagið til að ganga úr skugga um, hvað í því væri, og hvort nokkuð væri þar að finna um eigandann. Þeir hafi rifið upp umslagið og þá hafi komið í ljós, að ekkert hafi verið í því annað en íslenskir hundrað króna seðlar, sem þeir hafi talið, og hann minni, að það hafi verið kr. 50.000 í allt, en ekkert um eigandann. Þeir hafi þá lokað umslaginu strax og farið með það til Sigurðar eða Árna, að þá minni. Núna í þessum mánuði (þ. e. í október) hafi Haukur Sveinsson komið til hans og sagt, að hann skildi ekkert í Haraldi Sigurðssyni. Hann hafi sagt, að hann hafi farið fram á það við Harald, að hann léti sig hafa bréf, sem hann hefði sett í kassann, en Haraldur hefði ekki viljað kannast við að hafa það undir höndum. Mætti hafi skilið strax, við hvaða bréf Haukur átti, því Árni hafi verið búinn að tala um, að þeir skyldu ekki minnast á bréfið, og hann hafi því látið sem hann vissi ekki, um hvaða bréf Haukur var að tala, og hafi spurt hann að því, hvort þetta hefði verið eitthvað merkilegt bréf. Þá hafi Haukur sagt: „Það er nú djöfullinn

sá, að ég man ekki, hvað var í bréfinu.“ Þá hafi mætti spurt Hauk, hvort það hefðu verið peningar í því, en hann hafi ekki sagst vita neitt um það. Það væri það skrítna, að hann myndi það ekki. Mætti hafi þá spurt, hvort hann myndi virkilega ekki eftir, hvað hefði verið í bréfinu. Haukur hafi sagt, að hann gæti ekki komið því fyrir sig. Mætti hafi þá spurt hann, hvað þetta væri, hvort hann hefði verið fullur. Haukur hefði þá svarað: „Nei, það held ég nefnilega ekki, en ég get ekki komið því fyrir mig“.

Jakob Tryggvason póstvarðstjóri var spurður um þetta hjá rannsóknarlögreglu 23. október 1973. Hann sagðist hafa séð stórt og fremur þykkt umslag í kassanum, þegar hann kom úr frí 16. ágúst. Hann hafi spurt Guðríði, hver ætti bréfið, en það hafi hún ekki vitað. Hann hafi látið þetta vera, þar til Magnús kom, því honum datt í hug, að Magnús gæti hafa lagt bréfið þarna. Magnús hafi síðan ekkert kannast við þetta. Þá hafi verið ákveðið að rífa upp umslagðið til að athuga, hvað í því væri. Eftir að Guðríður hafi komið úr fríinu, hafi hún verið spurð um það, hver hefði fengið henni umrætt bréf, og hann búiist við, að henni hafi verið sagt, að peningar hafi verið í því. Hún hafi sagt honum, að Haukur Sveinsson hefði talað við sig og að hann teldi sig eiga þessa peninga, en Haukur hafi aldrei nefnt þetta við vitnið og vitnið ekki nema við Magnús og Guðríði.

Við fyrstu yfirheyrsluna 25. október var stefnandi spurður um þetta bréf sérstaklega, og hann skýrði svo frá: „Ég man alls ekkert eftir því að hafa beðið Guðríði í skráningardeildinni fyrir umslag eða bréf í sumar, en hún sagði mér frá því, þegar ég kom til baka, að ég hefði beðið hana fyrir eitthvert bréf. Ég minnst þess alls ekki, að mig vanti kr. 50.000, ég veit ekki, hvernig á þessu stendur, nema ef verið gæti, að þetta hefði komið upp úr einhverjum póstpokanum og ég hafi ætlað að athuga það daginn eftir með þeim þarna uppi, en mér finnst það skrítið, að ég skuli ekki muna eftir þessu. Ég talaði við Matthías um þetta, en hann sagði, að ég væri ekkert bendlaður við það og við skyldum láta það bíða. Ég talaði einnig við gjaldkerann, Harald Sigurðsson, um þetta, en hann sagði, að ég ætti ekkert bréf hjá sér. Þó ég muni ekki eftir að hafa fengið bréfið geymt, get ég ekki fullyrt, að ég eigi það ekki. Ég spurði Gurru, hvort ég hefði þá verið undir áhrifum áfengis, er ég fékk bréfið geymt, hún sagðist ekki hafa merkt það. Ég kannast ekki við neitt fyrirtæki í Kaupmannahöfn, sem heitir Helge Koch Trading. Ég sé það núna, þegar ég hugsa betur út í þetta, að ég á ekkert í umræddu peningabréfi. Gurra

sagði við mig, að ég hefði sagt, að bréfið væri hálfopið. Ég man ekkert eftir þessu eða að hafa sett á það límband eða yfirleitt að hafa beðið hana fyrir bréfið.“

Birgir Jakobsson pósthjálparstjóri var yfirheyrður 1. nóvember 1973 hjá rannsóknarlögreglu. Hann var spurður um bréf þetta. Hann kvaðst hafa skotið því að í umræðum, hvort peningarnir í bréfinu gætu ekki verið það, sem Haukur Sveinsson hefði verið að innheimta fyrir Sæmund Kjartansson lækni í sjúkrasamlagspeningum. Haukur Sveinsson hefði sagt honum, að það væri bréf þarna uppi, sem hann væri sagður eiga, en þeir vildu ekki láta hann hafa það. Hann hafi þá spurt Hauk, hvort hann saknaði einskis eða hvort hann ætti þetta ekki, en Haukur hefði ekkert gefið út á það.

Hinn 7. nóvember skráði Njörður Snæhólm í rannsóknina, að í ljós hefði komið við eftirgrenslan Árna Þórs Jónssonar í Seðlabankanum, að peningar þeir, þ. e. kr. 50.000, „sem Haukur Sveinsson hafi látið í geymslu,“ hafi verið í 100 kr. seðlum með númerunum DA-11326251 til 300 og DA-11323262 til 300 hafi verið settir í umferð þann 17. júlí til 9. ágúst 1972 og DA-1197811 til 20 hafi verið settir í umferð 20. júní til 7. (sic) 1972 og DA-9629301 til 400 var sent til Hafnar í Hornafirði þann 11. ágúst 1972, en þetta sagði Árni, að væru nýju seðlar, sem hafa haldist í búntinu og númeraröð síðan eða til er þeir komu í ljós í áðurnefndu umslagi. Búntið hefur því ekki verið tekið sundur.

8. nóvember skýrði Árni Þór Jónsson rannsóknarlögreglunni frá því, að 6. nóvember hefði Barði Árnason, skrifstofustjóri hjá Landsbanka Íslands, hringt til hans og spurst fyrir um ábyrgðarbréf nr. 355 frá Kaupmannahöfn, sem hefði verið póstlagt 10. ágúst sl. í Kaupmannahöfn. Árni hafi spurt um innihald bréfsins og hafi þá Barði sagt, að í því hefðu átt að vera kr. 50.000 íslenskar í seðlum. Árni hafi þá þegar farið að kanna kvittanabækur Landsbankans og Seðlabankans, en ekkert fannst. Einnig hafi Árni látið kanna bækur Útvegsbankans, en án árangurs. Í Landsbankabókinni hafi fundist bréf nr. 335 og hafi hann þá látið senda skeyti til pósthjálparunnar í Kaupmannahöfn og beðið um upplýsingar um sendanda bréfsins og því næst hafi hann talað við Barða og beðið hann um að fá upplýsingar frá Kaupmannahöfn um upphæð seðla þeirra, er hefðu átt að vera í bréfinu, eða hverjum seðli fyrir sig. Hann hafi svo haldið áfram eftirgrennslan um bréfið og þá hafi komið í ljós, að þetta hafi verið peningabréf og hafi það verið skráð með innihaldi kr. 350 dönskum og á það

skráð þyngd 570 grömm. Samkvæmt skjölum pósthöfnar hafi bréf þetta verið tekið upp í aðalpósthúsinu R-1 af Ásgeiri Einarssyni pósthöfntrúa og Axel Sigurðssyni pósthöfntrúa sunnudaginn 12. ágúst 1973 á tímabilinu frá kl. 0800 um morguninn til kl. 0900. Næst sé þetta peningabréf fært í kvittanabók frá afhendingardeild ábyrgðarbréfa til skráningardeildar á 2. hæð. Bréfið sé innfært af Axel Sigurðssyni og fyrir því kvitti Guðríður Jónasdóttir. Innfærsludagsetning í peningabréfabók í skráningardeild sé 13. ágúst 1973 og sama dag sé bréfið skráð þaðan út til tollpósthöfnar í Hafnarhúsinu og sé sú skrá nr. 239, undirskrifuð af Snæbirni Einarssyni, Melabraut 51, og Guðríði Jónasdóttur. Árni Þór hafi því næst hringt í tollpósthöfnuna og spurst fyrir um bréfið. Sigurður Samúelsson, starfsmaður þar, hafi fundið það í skáp undir krossbandssendingum og hafi það verið peningalaust og opið í báða enda, en í því sendibréf og bæklingar. Árni hafi svo haft samband við Barða og spurt hann, hvort hann hefði frétt nokkuð um seðlana, og hafi þá svarskeytið komið frá Kaupmannahöfn þess efnis, að upphæð í bréfinu hefði öll verið í 100 kr. seðlum. Í plöggum pósthöfnar R-1 sé hvergi getið um, að umslagið hafi verið skaddað, og engin athugasemd kom frá tollpósthöfnunni um það. Umslagið var athugað, og var það alveg uppsprengt í annan endann, en hinn endinn upprifinn að mestu, en hluti af upprifunni sé límt aftur með glæru plastbandi áprentuðu með merki pósthöfnustunnar, en band líkt þessu hafi ekki verið notað í aðalpósthúsinu R-1, en sé notað á tollpósthöfnunni. Starfsmenn voru síðan nánar spurðir, hvort þeir myndu eftir vinnu sunnudaginn 12. ágúst 1973. Axel Sigurðsson sagði 9. nóvember 1973, að hann myndi ekki sérstaklega eftir þessum degi. Á skránum sjái hann, að Ásgeir Einarsson, höfntrúi hjá pósthöfnstara, hafi tekið upp Kaupmannahafnarpóstin þennan sunnudagsmorgun og kvittað fyrir upptökunni. Hann hafi komið með þetta beint til Axels, en þá hafi hann verið í plássi Hauks Sveinssonar. Hann hafi kvittað fyrir bréfinu og hafi það verið fyrir kl. 0900 um morguninn. Hann sé. alveg viss um, að bréfið hafi ekki verið rífið, er hann hafi tekið við því, úr því að hann hafi ekki gert athugasemd við það. Það eigi því að vera öruggt, að bréfið hafi verið heilt, er Ásgeir hafi afhent honum það. Alveg sé öruggt, að hann hafi farið með bréfið strax á eftir upp til Guðríðar og afhent henni það og hún hafi samkvæmt skránni kvittað fyrir móttökunni og eftir það viti hann ekkert um bréfið. Hann muni ekki til, að Haukur Sveinsson hafi komið í pósthúsið umræddan morgun og Haukur Sigurðsson

hafi þá verið í sumarfríi á Hólmavík. Sjálfur búist hann við að hafa farið í kaffi þennan morgun rétt upp úr kl. 1000 eða þegar hann var búinn að afhenda Guðríði fyrri sendinguna. Þá hafi Jón Helgason og Ásgeir verið uppi hjá Guðríði eftir að vera búnir að vera niðri um morguninn og taka upp erlenda flugpóstinn. Möguleiki sé á því, að umrætt umslag hafi sprungið í kassanum hjá Guðríði, ef mikið var komið í kassann og þegar bréfunum var þrýst niður, þegar honum var lokað. Næsta dag skráði Guðríður bréfið á tollpóststofu skv. skrá nr. 239 og Snæbjörn Einarsson hafi kvittað á skrána með henni. Þau hafi því gengið frá þessum pósti í póstpoka og innsiglað hann og engar athugasemdir verið gerðar við bréfið.

9. nóvember var Guðríður Jónasdóttir spurð um þetta nánar hjá rannsóknarlögreglu. Hún kvaðst ekki muna neitt eftir bréfi því, sem hér um ræðir, en hún sjái það, að Axel muni hafa komið með það upp til sín og hún hafi kvittað fyrir því og fært það inn. Svo hafi hún gengið frá því næsta dag, eða á mánudeginum, og þá hafi bréfið verið í peningakassanum um nóttina, læstum inni í peningaskáp og þá sé hún með lykilinn af peningakassanum, en Jón með lykilinn að skápnum. Eftir skránni hafi hún og Snæbjörn fært bréfin inn næsta morgun, sett þetta í póstpoka og innsiglað hann. Hún hafi skráð, að í þessu væru danskar krónur 350, eins og standi á bréfinu. Það fari ekki á milli mála, að hefði umrætt bréf komið rífið í hendur hennar, þá hefði hún gert athugasemd við það. Hún hefði ekki sent það áfram niður í toll rífið. Hefði svo skeð, að það hefði komið sprengt upp úr peningakassanum næsta morgun, þá hefði farið á sama veg, að hún hefði gert athugasemd við það. Hún muni ekki eftir því að hafa séð Hauk Sveinsson umræddan sunnudag, en í þessari viku hafi Haukur verið í óreiðu. Hana minni endilega, að það hafi verið liðinn lengri tími en tveir þrír dagar frá því að hún tók við bréfinu í geymslu og þar til Jakob kom, þ. e. bréfinu, sem Haukur Sveinsson bað hana að geyma. Henni finnst því, að þessi tvö bréf geti ekki verið í sambandi hvort við annað, enda hefði hún strax munað eftir bréfinu, er Jakob hafi spurt um það, hefði það bara verið um þriggja daga gamalt í kassanum. Henni þyki undarlegt, að það skyldi ekki hafa verið hringt frá tollpóststofunni, hefði bréfið komið upp rífið þangað, því það passi þeir vel upp á. Þeir hringi alveg um leið, sé einhver feill í númerum eða eitthvað eins og það á ekki að vera.

Sama dag 9. nóvember 1973 var Ásgeir Einarsson, póstfulltrúi á aðalpósthúsi, yfirheyrrður um þetta atriði hjá rannsóknarlög-

reglu. Honum var sýnt umrætt umslag, sem áritað var á kr. 350 danskar, og hann sagði, að hann myndi ekkert eftir því. Hann trúi því ekki, að það hefði farið fram hjá honum, ef umslagið hefði verið rifið, og hefði það verið rifið, þá hefði hann gert athugasemd við það. Hann hafi orðið að taka bréfið upp í hendurnar til að bera það saman við skrána. Það sé hins vegar ekki víst, að hann hafi athugað þyngdina. Upp úr kl. 0900 á slíkum **sunnudagsmorgni séu þau bara þrjú uppi og í þessu tilviki hafi það verið hann, Guðríður og Jón fulltrúi.** Þetta muni vera eini sunnudagurinn, sem hann hafi verið á vakt í ágúst 1973. Hann hafi aldrei verið á sunnudagsvakt með Hauki Sveinssyni eða Hauki Sigurðssyni og muni ekki til, að Haukarnir hafi þá komið í pósthúsið.

11. nóvember 1973 var Snæbjörn Einarsson yfirheyrður um þetta mál. Hann mundi ekki sérstaklega eftir umræddu bréfi, sem honum var sýnt. Hann skýrði svo frá, að hann þyrði þó að fullyrða, að hafi umslag þetta verið rifið á mánudeginum, er hann og Guðríður meðhöndluðu það og gengu frá því í innsigliðum poka, þá hefði það ekki farið fram hjá honum, enda hafi bara verið þrjú peningabréf vestur eftir þennan morgun. Bréf þessi geymi Guðríður í læstum peningakassa yfir nóttina, en hann sé geymdur í læstum peningaskáp og hún hafi ekki lykilinn að peningaskápnunum og sá, sem sé með þann lykil, hafi ekki lykil að peningakassanum.

13. nóvember var Sigurður Samúelsson, fulltrúi í tollpóststofunni, yfirheyrður vegna þessa máls. Hann skýrði svo frá, að hann hefði farið að leita uppi skrá, eftir að Árni Þór Jónsson hringdi til hans og spurðist fyrir um ákveðið ábyrgðarbréf, sem hefði verið póstaglagt í Kaupmannahöfn 10. ágúst sl. Hann hafi þá séð, að kvittað hafi verið fyrir móttöku á umræddu bréfi 13. ágúst af Guðmundi Þórðarsyni, sem hafi verið afgreiðslumaður og hafi á þessum tíma verið eingöngu í þessari tegund af pósti. Hann hafi byrjað að leita að bréfinu í tilkynningabók og þá hafi komið í ljós, að út hafi verið send tilkynning 14. ágúst, en tilkynningin hafi ekki komið inn og því hafi bréfsins ekki verið vitjað. Þegar hér hafi verið komið, hafi hann farið að leita að bréfinu í peningaskáp, þar sem geymd séu öll verðbréf. Eftir stutta leit hafi hann fundið bréfið í peningaskápnunum undir krossböndum og það hafi verið talsvert af bréfum ofan á þessu bréfi. Einhvern veginn hefði bréfið getað orðið eftir, þegar ítrekað var. Ítrekanir fari nokkuð eftir vinnuafli, en það sé reynt að ítreka ekki

sjaldnar en einu sinni í mánuði, en í ágúst hafi þeir haft sumarfrísólk. Sigurður Samúelsson skýrði síðan þannig frá: „Ég tók bréfið upp og kíkti á það og sá, að það var svolítið rifinn rétti endinn og „teipað“ þar yfir. Ég fór því í símann og hringdi í Árna Þór, kátur yfir að hafa fundið bréfið. Árni spurði þá, hvernig bréfið liti út, og ég sagði honum, að það væri ofurlítið rífið í annan endann og límt „tape“ yfir. Svo þá spurði hann, hvernig bréfið væri, og sagði, að það ættu að vera kr. 50.000.00 í því. Ég tók þá bréfið upp og fór að horfa inn í gatið á endanum á því og sá þá í gegnum það, og er ég leit á hinn endann, sá ég, að hann var alveg sprunginn, svo þá sagði Árni mér að skoða innihaldið, en í umslaginu var ekkert nema einhver skjöl. Ég held, að teipið á bréfinu sé frá okkur, a. m. k. erum við með samskonar tape. Ari Jóhannesson deildarstjóri var ekki við, er þetta skeði, en kom inn alveg í því að ég var búinn að athuga í umslagið, en ég var ekki búinn að sleppa símanum. Guðrún Ragnarsdóttir, sem nú er í verki Guðmundar, var þarna að aðstoða mig við leitina og fylgdi mér eftir, en mig minnir, að hún hafi byrjað í þessu verki s.l. sept., en hún hefur oft hlaupið í það áður. Ari tók svo við símanum og talaði við Árna, en í framhaldi af því setti ég bréfið á sama stað inn í skáp. Mig minnir, að hitt gamla bréfið, sem var þarna með, hafi verið heldur eldra, en það var einnig erlent og var í lagi og til sama banka. Umræddur skápur er ólæstur og opinn allan daginn, eða til um kl. 17.00, að gjaldkeri gengur frá. Skápurinn er hinsvegar á bak við, svo almenningur kemst ekki að honum, en það afgreiða allir úr honum pakka og bréf. Ég hef aldrei orðið var við þetta bréf áður og aldrei fyrr heyrt talað um það. Strax og ég tók bréfið upp, tók ég eftir skemmda endanum með teipinu, en þar rifnaði eitthvað meira í þessum meðförum, en að hinn endinn var opinn, sá ég ekki fyrr en ég fór að kíkja inn í umslagið, enda var það pressað saman. Guðmundur hefði átt að gera athugasemd við það, hefði bréfið verið rífið, er það kom í hans hendur, hefði hann tekið eftir því. Ég athugaði ekki, hvað stóð á umslaginu, fyrr en farið var að tala um það, eða upphæð og þyngd, og það hefði því alveg eins getað farið framhjá Guðmundi, enda hafði hann ekkert með það að gera, nema upphæðina kr. 350.-, sem skrifuð var á það og einnig í tilkynningabókina. Ég man ekki til, að Haukur Sigurðsson hafi nokkurntíman komið þarna vestureftir, en Haukur Sveinsson hefur komið til að sækja pakka. Ég man hinsvegar ekki til, að hann hafi komið innfyrr, þó ekki sé ólíklegt, að hann hafi gert

það. Ég var að vinna í ágúst sl. Byrjaði annaðhvort þann 8. eða 9. Ég man ekki, hvort Haukur Sveinsson kom nokkuð í ágúst. Við erum 13 póstmenn, sem vinnum þarna, og auk þess fáum við hjálp í veikindaförföllum, og svo eru 5 til 7 tollverðir, sem ganga þarna um daglega, og svo eru um það bil mánaðarleg skipti hjá þeim. Þá skilst mér, að allir hafi lykla nema lausafólkið. Það eru hinsvegar bara tveir menn, sem hafa lykilinn að skápnunum, þ. e. ég og Stefán Kárasón, ftr. Gjaldkerinn hefur ekki lykil að skápnunum, því það þarf ekki lykil til að læsa honum, en hann gengur frá skápnunum síðast eftir að hafa sett sinn peningakassa inn í hann. Ef það er hirt úr skápnunum, þá verður að gera það fyrir kl. 17.00. Ég er búinn að vera þarna í ein 11 til 12 ár, og ég veit ekki til, að það hafi nokkurntíman horfið nokkuð úr þessum peningaskáp, en bréfið, sem hér um ræðir, hefði strax átt að fara í þennan skáp, þegar búíð var að tilkynna það. Þess ber hinsvegar að gæta, að það geta komið margir póstpokar í einu og sérstaklega á mánudagsmorgnum, þegar það er póstur frá allri helginni. Það er held úr póstpökunum í kerru og síðan lesið upp úr henni. Þá getur átt sér stað, að sá, sem það gerir, sé kallaður í síma eða til aðstoðar smá stund við annað, og á meðan gæti einhver fengið tækifæri til að komast í póstin, og það ekki starfsmaður, því aðstaðan er þannig. Ég hef ekki neina hugmynd um, hvernig þetta gæti hafa átt sér stað, þ. e. að horfið hafi peningarnir úr umræddu bréfi. Ég þori ekki alveg að fullyrða, að Guðrún hafi fylgt mér eftir allan tímann, á meðan ég var í bréfathuguninni, því ég man, að hún fór í síma, en hún hjálpaði mér til að finna skrána og var fyrir aftan mig, er ég talaði við Árna Þór.

Upplesið, játað rétt. Sigurður Samúelsson.“

Þá skráir Njörður Snæhólm eftirfarandi í rannsóknina: „14-11-73. Í dag fór ég niður í R-I til Árna Þórs og hafði með mér umslagið, sem peningarnir áttu að hafa verið í og fannst í tollpóststofunni. Í umslagið létum við umslagið með kr. 50.000.-, sem Guðríður átti að hafa geymt fyrir Hauk Sveinsson, létum það neðarlega í peningakassa hennar og fylltum hann svo af pósti og ýttum á hann. Síðan var tekin upp hnefafylli af bréfum úr kassanum og þar í umrætt bréf. Þá kom í ljós, að umslagið með kr. 50.000.- hafði runnið úr og orðið eftir í kassanum. Það leit því út fyrir, að umslagið hefði getað sprungið í peningakassanum, er þrýst var á póstin til að geta lokað kassanum, og það orðið eftir

í ógáti og verið í kassanum, til er farið var að athuga það, eins og áður hefur komið fram.

Pegar fulltrúarnir hafa rifið upp umslagið til að athuga innihald þess, hafa þeir eftir athugunina marg tapað það aftur með breiðu pósthorn tapi. Ekki sömu tegundar og í tollpóststofunni.

Við fórum að fletta þessu tapi upp, og þá kom í ljós að þversum undir því var annað tape, og sást, að á því var prentað eftirfarandi „Post 298 vn.V.“ Á að vera Postbox 298 Kvn V. En þessi stimpill er aftan á umslaginu, sem fannst í tollpóststofunni. Þarna eru því peningarnir úr því umslagi komnir.

Þrátt fyrir þetta fullyrðir Guðríður, að Haukur Sveinsson hafi fengið geymt bréf í kassa sínum og talað um, að í því væru 100 kr. seðlar, eins og áður segir. (Það gætu hinsvegar hafa verið peningar, sem hann hefur innheimt fyrir lækinn).

N. Snæhólm.“

Eftir þetta er ekki minnst á umrætt bréf í rannsókn þessari. Rannsóknin hélt áfram, og voru starfsmenn ábyrgðardeildar og nærliggjandi deilda yfirheyrðir. Hinn 13. febrúar 1974 bar Árni Þór Jónsson, að pósthjófnaðarfaraldurinn virtist hafa hætt fyrri hluta júnímánaðar 1973, en sérstaklega mikið bæri á hvarfi bréfa 2. maí. Haukur Sveinsson hafi þann dag unnið mikið við innfærslu og uppgjör á orlofsbókum hinum megin í afgreiðslusalnum. Hann hafi unnið þetta verk daglega fram til 22. maí, en aðstoðað af og til í afhendingardeild ábyrgðarbréfa.

Að lokinni rannsókn rannsóknarlögreglu var skýrsla hennar ásamt fylgiskjölum send saksóknara ríkisins með bréfi sakadóms Reykjavíkur, dagsettu 5. mars 1974. Saksóknari ríkisins ritaði sakadómi bréf 3. maí 1974 og endursendi fyrrgreind rannsóknargögn og krafðist þess, að rannsókn þess yrði fram haldið fyrir dómi eftir því sem efni þættu til vera. Málið var tekið fyrir í sakadómi Reykjavíkur 21. ágúst 1974, og kom þá Haukur Sveinsson fyrir dóminn. Hann lýsti vinnutilhögun í starfi sínu á aðal-pósthúsinu og sagðist aðallega hafa verið sjálfur við sundurgreiningu á ábyrgðarpósti, en þó stundum verið við að taka upp úr póstpökunum. Hann gat engar skýringar gefið á hvarfi ábyrgðarbréfa. Honum voru sýndar fyrrgreindar skrár. Þá gerði hann þær athugasemdir við þær, að t. d. í maímánuði 1973 hefðu horfið 39 ábyrgðarbréf skv. skránum, en sjálfur hafi hann þá unnið mikið í orlofsdeildinni þann mánuð. Hann virðist þó hafa hlaupið í upp-töku tvo daga. Hann var spurður, hvort hann gæti skýrt það, að

ábyrgðarbréf til Amsterdam fannst inni í bunka af bréfum til Sæmundar Kjartanssonar læknis, eftir að mætti var settur í gæsluvarðhald. Hann sagði þá, að þennan sama dag hefði hann verið handtekinn og verið kominn inn í Borgartún 7 kl. 1400. Er hann hafi yfirgefið pósthúsið þennan dag, hafi þrjú eða fjögur bréf til Sæmundar læknis verið á hillu fyrir ofan sæti hans. Einhver hljóti því að hafa bætt við þau bréf og sé líklegast, að það hafi verið Birgir Jakobsson. Hann kvaðst ekki hafa verið við upptöku og sundurgreiningu þennan dag, þ. e. fimmtudaginn 25. október 1973.

Daginn eftir, fimmtudaginn 22. ágúst 1974, kom Haukur Sigurðsson fyrir dóminn. Hann lýsti starfi sínu á aðalpósthúsinu þannig, að hann kvaðst hafa haft afhendingu ábyrgðarsendinga að aðalstarfi, en er hann var á aukavakt, hafi hann stundum verið við upptöku og sundurgreiningu á ábyrgðarpósti. Hann kvaðst ekki vera valdur að hvarfi á ábyrgðarpósti úr aðalpósthúsinu og hann gæti ekki ímyndað sér, hvernig standi á hvarfi póstsins. Hann tók það fram, að ábyrgðarpóstur frá R-5 fari yfirleitt beint upp á loft, þar sem hann er sundurgreindur. Hann kvaðst vilja gera þá athugasemd við fyrrgreinda skrá, að eftir því sem þar komi fram hafi hann oft kvittað fyrir móttöku á pósti, sem hvarf. Honum finnst það skjóta skökku við, er hann kvittar fyrir póstinum og tekur hann svo. Samdægurs var málið sent að nýju til saksóknara ríkisins. Hinn 16. september 1974 ritaði saksóknari bréf og sagði: „Fyrrgreind rannsóknargögn þykja eigi veita efni til frekari aðgerða af hálfu ákærvalds, en rétt er að halda máli þessu opnu og taka rannsókn þess upp að nýju, komi eitthvað það fram, sem verða mætti til frekari upplýsinga um málsatvik.“ Hinn 17. október s. á. var því lýst yfir af hálfu samgönguráðuneytis í bréfi til Póst og símamálastjórnar, að vegna þessa bréfs ríkissaksóknara geti ráðuneytið fyrir sitt leyti fallist á, að Haukur Sveinsson, sem veitt hafi verið lausn frá störfum um stundarsakir 12. nóvember fyrra ár, hefji störf að nýju. Stefnandi tilkynnti Póst og símamálastjórn bréflaga 3. desember 1974, að hann væri reiðubúin að hefja störf að nýju. Hann hafði notið hálfra fastra launa sinna skv. 9. gr. laga 38/1954, og mánaðamótin október/nóvember 1974 fékk hann greidd þau hálfu laun, sem á vantaði, svo og laun fyrir nóvember, hann fékk einnig greidd laun í desember 1974, og lögmaður hans ítrekaði tilmæli um, að hann fengi stöðu sína að nýju í bréfi 16. desember 1974. Eins og fyrr segir, var það 9. janúar 1975, sem hann var kallaður til starfa, en ekki í sama starf og áður.

III.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig, að hann krefst kr. 800.000 fyrir ógreiddar aukatekjur þann tíma, sem hann hafi verið frá starfi, þ. e. frá 25. október 1973 til 9. janúar 1975. Hann hafi haft að jafnaði fastar aukavinnutekjur og verði að telja, að hann hafi tapað þeim tekjum vegna þessarar rannsóknar. Tjón stefnanda nemi ekki lægri fjárhæð en kr. 800.000 að þessu leyti. Póststjórninni hafi verið skrifað og hún beðin upplýsinga um aukatekjur sambærilegs starfsmanns á þessum tíma, en svar hafi ekki borist. Undir rekstri málsins hafi stefndi verið krafinn um svör um þetta atriði, en þau hafi engin komið. Vitað sé og viðurkennt, að stefnandi hafi unnið mikla aukavinnu og haft miklar aukatekjur í starfi sínu, og sé því stefnda að afsanna þessa fjárhæð og leggist sönnunarbyrðin á hann algerlega um þetta atriði. Stefnandi gerir einnig kröfu um miskabætur, kr. 3.000.000. Rannsóknin og gæsluvarðhaldið hafi valdið stefnanda miklum álitshnekki og miklum óþægindum og sálrænum þjáningum. Starf það, sem stefnandi sé í, sé mikið trúnaðarstarf og sé þeim, sem slík störf vinna, enn meiri hnekkir en öðrum af slíkum áburði, sem hafður hafi verið í frammi við stefnanda. Gæsluvarðhaldið hafi vitanlega ekki haft minni álitshnekki í för með sér. Fjölmíðlar hafi sagt frá rannsókninni og gæsluvarðhaldinu, en ekki hafi nein frásögn enn komið um niðurfellingu rannsóknarinnar. Miski sé viðvarandi, því pósthjórnin hafi séð ástæðu til að láta stefnanda ekki aftur í sitt fyrra starf, heldur annað og á öðrum vinnustað. Stefnandi verði þannig stöðugt fyrir miskatjóni, meðan hann hafi ekki fengið sitt fyrra starf á ný. Því sé bótakrafa fyrir slíkan miska mjög í hóf stillt, kr. 3.000.000.

Rök stefnanda fyrir kröfum sínum eru þau, að samkvæmt 150. gr., sbr. 152. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 eigi stefnandi rétt á bótum frá stefnda fyrir rannsóknina og gæsluvarðhaldið. Hann reisir kröfu sína á 150. gr., sbr. 152. gr., þannig að hann uppfylli öll skilyrði, sem þar eru talin upp, þ. e. rannsókninni hafi verið hætt vegna þess, að sú háttsemi, sem hann hafi verið borinn, þ. e. hvarf ábyrgðarbréfa, hafi verið ósönnuð, enda sé hann saklaus af slíkum áburði. Öll gögn málsins sýni og, að fremur megi telja hann líklegan til að vera sýknan af áburðinum en sekan, eins og 150. gr. segi til um. Hann hafi saklaus setið í gæsluvarðhaldi og verið saklaus borinn þessari háttsemi. Því sé hér um gæsluvarðhald og rannsókn að ósekju að ræða,

en því sé ekki haldið fram af stefnanda hálfu, að gæsluvarðhaldið hafi verið ólöglegt. Aðgerðin geti hafa verið eðlileg, eins og á stóð, enda hafi hann verið í ábyrgðarstöðu og verið það í mörg ár, þegar upp komst, að hvarf var á ábyrgðarbréfum, og grunur beindist að honum og samstarfsmanni hans sérstaklega. Hann eigi hins vegar rétt á bótum beinlínis skv. 150. gr., enda hafi öll rannsóknin hnigið í þá átt, að ljóst sé, að hann sé saklaus af áburðinum. Mjög ítarleg og vandlega unnin rannsókn hafi ekkert fært fram um það, að hann ætti sök á hvarfi bréfanna. Eftir á að hyggja sé ljóst, að skrá sú, sem saminn var af Árna Þór Jónssyni og Nirði Snæhólm, yfir hin horfnu bréf hafi beint grun að honum sjálfum. Það sé eðlilegt, þegar skráin er skoðuð, þar sem hún sýni, að hann og nafni hans, Haukur Sigurðsson, hafi verið viðstaddir í flestum þeim tilvikum, sem bréf hurfu. Hins vegar hafi það rifjast upp undir rekstri málsins, að í maímánuði, þegar flest bréfin einmitt hurfu, hafi hann alls ekki unnið í sínu venjulega starfi, heldur í orlofsdeild á pósthúsinu. Þegar þetta sé athugað, sé ljóst, að skráin sé byggð á misskilningi að þessu leyti og hann hafi þess vegna verið settur í gæsluvarðhald á röngum forsendum. Sé maímánuður dreginn út úr skránni, hvað honum við kemur, eins og rétt sé að gera, komi í ljós, að hann sé 28 sinnum viðstaddur, þegar bréf hverfa, en nafni hans, Haukur Sigurðsson, sé 76 sinnum viðstaddur. Hins vegar sé Fanney viðstödd 35 sinnum, Birgir Jakobsson 34 sinnum, Bjarni Guðmundsson 33 sinnum og Jóhannes Þorsteinsson 27 sinnum. Sé farið eftir forsendum þeim, sem hafðar hafi verið, sé ljóst, að allt þetta fólk virðist jafnsekt og hann sjálfur. Frumgagnið í málinu, skráin yfir hin horfnu bréf, sé því röng eða a. m. k. mjög villandi, hafi maður ekki þessar forsendur í huga. Stefndu hafi alla tíð haldið fram tveim atriðum til að sýna sekt stefnanda. Annars vegar bréf með kr. 50.000 í 100 króna seðlum, sem fundist hafi í kassa á 2. hæð hjá Guðríði Jónasdóttur, og hins vegar ábyrgðarbréf, sem átti að fara til Hollands, sem fannst við athugun á vettvangi í bréfabunka til Sæmundar Kjartanssonar læknis í hillu á vinnustað stefnanda. Um fyrra atriðið, þ. e. „danska bréfið“ svokallaða, sem ítarlega sé getið um í rannsókninni, hafi beinlínis komið í ljós við rannsóknina, að stefnandi hafi ekkert haft með það að gera, og sé því furðulegt, að stefndi skuli enn halda sér við þetta. Stjórandi rannsóknarinnar, Njörður Snæhólm, segi beinlínis, þegar lýkur rannsókn um það atriði, að stefnandi hafi þar ekkert nálægt komið. Þetta sé því miður dæmigert um gruninn, sem lagðist á stefn-

anda. Þegar bréfið hafði fundist og í ljós hafi komið, að í því voru peningaseðlar, hafi fólk strax álitíð, að stefnandi ætti þar hlut að máli. Hann hafi því alltaf verið grunaður og eftir mjög ítarlega rannsókn hafi hið gagnstæða komið í ljós. Þetta beini huganum að því, að grunur samstarfsmanna stefnanda beindist að honum vegna áfengisneyslu hans og veikinda. Honum sé engin launung á því, að hann hafi á þessum tíma átt við áfengisvandamál að stríða, en ekki megi af þeim sökum álykta, að hann hafi verið valdur að hvarfi bréfanna. Það hafi þó gerst í máli þessu. Eftir að rannsókn hafi lokið, virðist ekkert hafa verið gert til að ljúka málinu og finna hinn seka. Upplýst sé, að Haukur Sigurðsson, samstarfsmaður hans, hafi verið viðstaddur, þegar 76 bréf hurfu, langoftast af öllum, sem þarna unnu, en þó hafi ekki verið meira að gert. Einnig sé upplýst, að Haukur Sigurðsson hafi orðið uppvís að því að taka ófrjálsri hendi muni á vinnustað þeim, er hann vann á í september 1974, og að rannsóknarlögreglan hafi yfirheyrt hann vegna þess.

Hitt atriðið, sem stefndu beini gegn stefnanda og telja, að sýni sekt hans, sé, að ábyrgðarbréf hafi fundist í bunka af bréfum til Sæmundar Kjartanssonar lækni sunnudaginn eftir að stefnandi var settur í gæsluvarðhald, en það hafi gerst á fimmtudegi. Álykti stefndi, að stefnandi hafi á fimmtudeginum verið í sundurgreiningu frá kl. 1310 til kl. 1400 eða á þeim tíma. Öllum hafi verið kunnugt um, að stefnandi tæki póst Sæmundar Kjartanssonar og færi með hann til hans. Hins vegar hafi stefnandi alls ekki sundurgreint póst fimmtudaginn 25. október 1973, þar sem hann hafi verið að aðstoða afgreiðslustúlku við að leita að ábyrgðarbréfi. Þetta sé upplýst og sannreynt í málinu. Einhver annar hljóti því að hafa sett bréf þetta í bunkann, en upplýst sé, að bréfið hafi verið tekið upp þennan dag. Þegar hann hafi farið af vinnustaðnum fyrir kl. 1400, hafi eingöngu legið nokkur bréf til Sæmundar í hillunni, ekkert í líkingu við þann bunka, sem á að hafa legið þar á sunnudeginum með ábyrgðarbréfið falið.

Að öllu þessu athuguðu sé ljóst, að uppfyllt séu skilyrði XVIII. kafla laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, að stefnandi eigi rétt á bótum fyrir gæsluvarðhald að ósekju. Það geti ekki verið tilgangur laganna, að stefnanda og þeim, sem standi í hans sporum, beri að sanna sakleysi sitt fullkomlega fyrir dómstólnum. Til þess þurfi sakadómsmeðferð, sem sé ekki á valdi stefnanda, heldur ríkisvaldsins.

Stefndu styðja sýknukröfu sína þeim rökum, að ekki sé full-

nægt skilyrðum 150. gr. og 152. gr. XVIII. kafla laga nr. 74/1974. Í fyrsta lagi sé alls ekki fullnægt því skilyrði 150. gr., að rannsókn skuli hætt. Rannsókninni hafi ekki verið lokið, heldur aðeins frestað, og hún verði tekin upp að nýju, komi eitthvað frekar fram. Þetta eitt sýni, að ekki sé unnt að taka til meðferðar kröfu eins af aðiljum rannsóknarinnar og þess, sem grunur hefur helst beinst að, og dæma um það í einkamáli, hvort hann sé líklegur til að vera saklaus eða sekur. Sé hins vegar af dómstólsins hálfu talið, að þetta skilyrði sé uppfyllt, þá komi til það skilyrði, að fremur megi telja stefnanda saklausan af hinn saknæmu háttsemi. Ljóst sé, að þetta skilyrði sé alls ekki uppfyllt. Rannsókn málsins hafi verið mjög ítarleg og leitt margt í ljós, en þó ekki svo óyggjandi sannanir, að ákærvaldið hafi séð ástæðu til að krefjast refsingar yfir stefnanda. Í máli því, sem hér liggi fyrir, hafi þetta þó enga meginþýðingu, þar sem hér sé um frjálst líkindamat dómara að ræða. Leiðbeiningarreglan sé orðuð þannig í 2. mgr. 150. gr. laganna, að fremur megi telja stefnda saklausan en sýknan. Eftirfarandi atriði komi í veg fyrir, að þetta sé unnt: Í fyrsta lagi sýni skýrsla sú yfir hin glötuðu bréf, að stefnandi hafi verið á vinnustað, þegar 57 bréf hurfu. Í ljós hafi komið, að stefnandi hafi á tímabili í maí 1973 verið í annarri deild við afgreiðslu orlofsfjár, en það hafi verið ihlaupavinna og hann hafi jafnframt verið í sínu aðalstarfi. Haukur Sigurðsson hafi skv. skýrslunni verið oftast á vinnustað, þegar bréfin hurfu, og einmitt unnið við upptöku og sundurgreiningu í maí, þegar flest þeirra hurfu. Þótt margt bendi á Hauk Sigurðsson í þessu sambandi, hafi ákærvaldið ekki séð ástæðu til að krefjast refsingar yfir honum. Í öðru lagi sé bréfið, sem fannst í bunka af pósti, sem átti að fara til Sæmundar Kjartanssonar læknis. Stefnandi hafi enga skýringu gefið á þessu bréfi, þótt hann væri ítrekað spurður, en hafi fyrir sakadómi reynt að koma þessu á Birgi Jakobsson. Birgir hafi sjálfur borið um þetta og hann hafi lýst því, hvernig bréfin voru á hillunni, þegar hann tók við sundurgreiningunni, eftir að stefnandi var farinn til yfirheyrslu. Birgir hafi borið, að teygja hafi verið utan um bunkann, sem lá í hillunni, þegar stefnandi fór. Stefnandi hefur ítrekað sagt, að í hillunni hafi aðeins legið „nokkur bréf“. Birgir hafi borið, að ekkert hafi bæst við bréf til Sæmundar Kjartanssonar þennan fimmtudag, en daginn eftir hafi komið viðbótarpóstur. Þann póst hafi Birgir farið með fram í boxin og beðið um, að þau yrðu send í útburð. Upprunalegi bunkinn hafi því ekki verið snertur og póstmestari hafi tekið

hann upp og skoðað næsta sunnudag og þá hafi ábyrgðarbréfið fundist í bunkann. Bréf þetta hafi verið tekið upp fimmtudaginn, sem stefnandi fór. Þann dag hafi upptökunni lokið kl. 1310. Stúlkan, sem bað stefnanda að hjálpa sér að leita að ábyrgðarbréfi þennan dag, hafi borið, að það hafi verið kl. 1330. Allt bendi því til þess, að stefnandi hafi byrjað að sundurgreina bréfin eftir kl. 1310 og til kl. 1330. Þá hafi hann getað stungið bréfi þessu í bunkann til Sæmundar. Ekkert bendi til, að neinn annar hafi gert það, og Haukur Sigurðsson hafi ekki komið á vinnustað þennan dag. Í þriðja lagi hafi stefnandi enga skýringu gefið á aðild sinni að bréfi því, sem fannst í peningakassa á 2. hæð og innihélt kr. 50.000 í 100 króna seðlum. Í rannsókninni hafi komið í ljós, að peningar þessir hafi komið frá Kaupmannahöfn. Á þeim tíma hafi stefnandi beðið um, að bréf væri geymt fyrir sig, einmitt með 100 króna seðlum, sem hann hafi síðar ekkert kannast við.

Auk þessa andmælir stefndi fjárhæð kröfu stefnanda og bendir sérstaklega á, að honum hafi verið greiddur sá helmingur fastra launa, sem haldið hafi verið eftir skv. 1. mgr. 91. gr. laga nr. 38/1954. Frekari greiðslum eigi stefnandi ekki rétt á fyrir þann tíma, sbr. 2. mgr. 9. gr. sömu laga. Kröfu stefnanda byggða á því, að um viðvarandi miska sé að ræða, sé einnig alfarið andmælt, þar sem ekki sé það miski að flytja mann milli starfa skv. 33. gr. sömu laga.

IV.

Niðurstaða.

Samkvæmt bréfi ríkissaksóknara, dags. 16. september 1974, þótti ekki efni til frekari aðgerða af hálfu ákærvalds. Talið var þó rétt að halda málinu opnu og taka rannsókn þess upp að nýju, kæmi eitthvað fram, sem verða mætti til frekari upplýsinga um málsatvik. Í máli þessu hefur ekkert komið fram um, að rannsókninni hafi verið haldið áfram. Þegar svo stendur á, og liðin eru hátt á þriðja ár frá því ákvörðun ríkissaksóknara var tekin, verður að telja, að skilyrði 2. mgr. 150. gr. laga nr. 74/1974 um, að rannsókn hafi verið hætt, standi ekki í vegi fyrir því, að kröfur stefnanda nái fram að ganga.

Annað skilyrði er, að fremur megi telja stefnanda líklegan til að vera sýknan en sekan af því að vera valdur að hvarfi ábyrgðarbréfa á aðalpósthúsinu.

Varðandi bréf það, sem var í peningakassa á 2. hæð í umsjá Guðríðar Jónasdóttur og í voru 100 krónu seðlar, sem sendir höfðu verið frá Kaupmannahöfn, kom í ljós, að stefnandi hafði

hvergi nálægt komið, þegar bréfið var mótttekið hér á aðalpóst-húsi og sent áfram á tollpóststofu. Rannsóknin í heild bendir til þess, að stefnandi hafi hvergi nálægt þessu bréfi komið.

Skrá sú, sem gerð var yfir hin horfðu ábyrgðarbréf, sýnir, að langflest bréfanna hurfu á vakt stefnanda, Hauks Sigurðssonar (sic), en hinni vaktinni stjórnaði Birgir Jakobsson. Skráin sýnir, að í maímánuði hurfu 29 bréf. Upplýst er, að í þeim mánuði vann stefnandi talsvert við afgreiðslu orlofsfjár annars staðar í salnum. Þegar þetta er virt og einnig, að Haukur Sigurðsson hefur kvittað fyrir upptöku 26 þessara bréfa, en stefnandi 2, verður að telja, að stefnandi hafi verið minna í sínu venjulaga starfi þennan mánuð en skráin gefur til kynna. Fallast verður á það með stefnanda, að sé maímánuður í heild tekinn út úr, þá beri skráin ekki með sér, að stefnandi hafi yfirleitt verið oftari í návist hinna horfðu bréfa en aðrir starfsmenn deildarinnar.

Bent er á það af stefnda hálfu, að ekki hafi verið gerð grein fyrir því, hvernig ábyrgðarbréf, sem fara átti til Hollands, hafi komist í bunka af bréfum, sem stefnandi hafði lagt til hliðar á hillu við sæti sitt. Þegar rannsóknin er vandlega athuguð, kemur í ljós, að sá, sem hefur verið í sundurgreiningunni fimmtudaginn 25. október 1973, hefur tekið þetta bréf og skotið því undan, þar sem það hefði ella farið sína leið upp á loft. Ljóst er, að annað hvort hefur stefnandi sjálfur sett bréfið þarna eða það hefur annar gert, sem hefur viljað láta líta svo út sem stefnandi hafi gert það.

Með framburðum starfsmanna fyrir rannsóknarlögreglu verður að telja í ljós leitt, að munur hafi verið á vinnuaðferðum á vöktum þeim, sem í deildinni unnu. Stefnandi og Haukur Sigurðsson virðast hafa gert meira af því að taka einir upp póstin og sundurgreina hann, en á vakt Birgis Jakobssonar virðast fleiri hafa unnið saman í einu.

Meðan afbrotið er óupplýst, hjóta allir, sem bönd hafa borist að, að liggja undir grun, þangað til eitthvað það kemur í ljós, er bendir til sýknu þeirra. Böndin bárust að stefnanda og starfsmanni hans Hauki Sigurðssyni. Þegar haft er í huga, að ábyrgðarbréfin hurfu langflest á vakt þeirri, sem stefnandi stjórnaði, og einnig höfð í huga afdrif ábyrgðarbréfsins, sem fara átti til Hollands, en fannst í bunka við sæti stefnanda, er ekki unnt að segja, að stefnandi verði fremur talinn líklegur til að vera sýkn en sekur. Skilyrðum 2. mgr. 150. gr. laga nr. 74/1974 er því ekki fullnægt, og ber að sýkna stefndu af kröfum stefnanda.

Eftir öllum atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Samkvæmt 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 173. gr. laga nr. 85/1936, greiðist gjafsóknarkostnaður stefnanda úr ríkissjóði. Kostnaðurinn ákveðst kr. 520.000, og þar af ákveðast málssóknarlaun talsmanns stefnanda, Laga Guðbrandssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.000.

Garðar Gíslason, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, ríkissaksóknari og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Hauks Sveinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, kr. 520.000, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun talsmanns stefnanda, Laga Guðbrandssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 500.000.

Fimmtudaginn 8. maí 1980.

Nr. 63/1980. **Félagsmálaráðherra f. h.
félagsmálaráðuneytis**
gegn
**Jóni Skaftasyni yfirborgarfégeta,
skiptaráðanda í Reykjavík.**

Kærumál. Réttarneitun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson og Magnús Þ. Torfason.

Kæra sóknaraðilja er dagsett 11. apríl 1980. Hún barst Hæstarétti 17. s. m. Krefst sóknaraðili þess, „að lagt verði fyrir skiptaráðandann í Reykjavík að kveða upp efnisúrskurð um málið með eða án endurupptöku skipta“. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.